

Skýrsla

Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um leiðréttingu námslána.

Með beiðni á þskj. 310 – 306. mál frá Birni Leví Gunnarssyni, Andréssi Inga Jónssyni, Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur, Ásthildi Lóu Þórsdóttur, Dagbjörtu Hákonardóttur, Eyjólfí Ármannssyni, Gísla Rafni Ólafssyni, Guðmundi Inga Kristinssyni, Halldóru Mogensen, Ingu Sæland, Jakobi Frímanni Magnússyni, Loga Einarssyni, Oddnýju G. Harðardóttur, Tómasi A. Tómassyni og Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur var þess óskað að Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra flytji Alþingi skýrslu um leiðréttingu verðtryggðra námslána.

Í skýrslunni verði lagt mat á:

- a. hversu mikil hækkun námslána varð vegna efnahagshrunsins 2008,
- b. hvernig hækkun námslána dreifðist á lánþega,
- c. hvernig greiðslubyrði af námslánnum hefur þróast frá efnahagshruninu 2008 og hversu mikill hluti af aukinni greiðslubyrði er vegna verðtryggðrar stökkbreytingar lánanna,
- d. hver kostnaðurinn væri við að lækka höfuðstól stökkbreyttra námslána vegna efnahagshrunsins 2008 á sambærilegan hátt og verðtryggð húsnæðislán voru leiðrétt í kjölfar hrunsins.

Í greinargerð með skýrslubeiðni háttvirtra ofangreindum þingmönnum er vísað í að við gerð og gildistöku laga um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána, nr. 35/2014, hafi gleymst að huga að námslánnum sem hafi stökkbreyst á nákvæmlega sama hátt. Í skýrslubeiðninni er óskað eftir því að mat verði lagt á þau áhrif sem efnahagshrunið 2008 hafi haft á námslán með tilliti til leiðréttingarinnar sem fasteignalán fengu og endurspeglast í fjórum ofangreindum spurningum.

Almennt og forsendur fyrir niðurstöðum.

Í skýrslunni verður notað orðið „bankahrunið“ í stað „efnahagshruns“ á árinu 2008 enda var um samdrátt í þjóðfélaginu að ræða og aukið atvinnuleysi í kjölfar þess að fjármálastofnanir urðu gjaldþrota og voru teknar yfir af stjórnvöldum.

Í lögum um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána, nr. 35/2014, er kveðið á um eftirfarandi forsendur sem tekið verður mið af í skýrslu þessari þar sem það á við og unnt er:

1. Verðtryggð lán sem falla undir leiðréttinguna skulu hafa verið til staðar á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2009.

2. Hér skal meta þá leiðréttingu sem varð vegna forsendubrests sem kom fram í verðtryggingarvísitölum á tímabilinu.
3. Forsendur laga um skuldaleiðréttingu gera ráð fyrir að verðtryggð húsnæðislán færist niður um fjárhæð sem samsvarar verðbótum umfram tiltekið viðmið í verðbólgu eða 4,8% sem var meðalverðbólga árána 2001 og 2007.
4. Forsenda fyrir skuldaleiðréttingu í leiðréttingu verðtryggðra fasteignalána samkvæmt lögnum er að lán hafi verið talin fram við ákvörðun réttinda til vaxtabóta þ.e. vextir lánanna hafi verið viðurkenndur sem grundvöllur útreiknings vaxtabóta í heild eða að hluta á sama tímabili sem um ræðir.
Rétt er að benda skýrslubeiðendum á, að hvað varðar námslán er vaxtakostnaður vegna námslána í fyrsta lagi ekki grundvöllur vaxtabóta við álagningu opinberra gjalda og í öðru lagi voru vextir á námslánum á þessum tíma 1% allt fram til apríl 2020 þegar þeir lækkuðu niður í 0,4%. Með öðrum orðum þá voru og eru vextir á námslánum sem veitt voru samkvæmt lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, niðurgreiddir og mun lægri en vextir af húsnæðislánum á sama tíma. Hins vegar eru námslánin verðtryggð bæði á meðan á námi stendur sem og á eftir að endurgreiðslur hefjast.
5. Í lögum um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána er kveðið á um að útreikningurinn skuli miðaður við reiknaðan höfuðstól í lok leiðréttingartímabils láns og með greiðsluflæði er átt við samtölu afborgana og vaxta án verðbóta sem bar að greiða að teknu tilliti til umframgreiðslna.
Í tilviki námslána taka útreikningar mið af stöðu höfuðstóls námsláns. Hér verður að hafa í huga að hver einstaklingur, þ.e. bæði lánþegi með opið lán og greiðandi námslána geta verið með fleiri en eitt námslán og ýmsar samsetningar á því. Sem dæmi getur sami einstaklingur verið með tvö eldri lán sem búið er að loka með útgáfu skuldabréfa og eitt opið lán, sé hann enn í námi. Því ber að hafa það í huga að ólíkt húsnæðislánum greiðir lánþegi einungis af einu námsláni í einu og sé hann í lánshæfu námi með eldri lán þá getur hann sótt um undanþágu frá afborgun á meðan á námi stendur.
Afborgunarskilmálar námslána tryggja lága greiðslubyrði og styrkur ríkisins til námsmanna felst í því að vextir af námslánum sem veitt voru samkvæmt lögum nr. 21/1992 eru lágir, afborganir af lánum miðast við laun lánþega ársins á undan og að námslán falla niður við andlát.
6. Í lögum um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána er gert ráð fyrir að ef reiknuð leiðréttingarfjárhæð nýtist ekki til greiðslu hluta áhvílandi fasteignaveðláns verði þeirri fjárhæð ráðstafað til myndunar sérstaks persónuafsláttar sem komi til viðbótar almennum persónuafslætti við álagningu opinberra gjalda.
Litið er fram hjá þessu ákvæði í skýrslunni.
7. Í skuldaleiðréttingu fasteignaveðlána var heimilt fyrir hjón eða sambýlisfólk sem var samskattað að sækja sameiginlega um leiðréttingu verðtryggðra lána sem veittu rétt til vaxtabóta á árinum 2008-2009 sem annað hvort eða bæði voru ábyrg fyrir. Hámarks skuldaleiðrétting á hvert heimili, hvort um væri að ræða hjón eða einstakling nam 4 millj. kr.
Við útreikning á hækkun höfuðstóls námslána og hugsanlegri niðurfærslu er miðað við hámark 2 millj. kr. á einstakling þar sem námslán byggjast á fjárfestingu einstaklingsins til menntunar. Námslán sem veitt voru á þessum tíma voru einstaklingsmiðuð og tóku mið af framfærslu einstaklingsins. Þetta þýðir að hjón eða

sambúðaraðilar fá alls 4 millj. kr. Þessi nálgun er nauðsynleg þar sem námslánið er veitt til einstaklings í öllum tilvikum, óháð sambúð og er ekki skipt niður á hjón komi til skilnaðar.

8. Í lögum um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana er kveðið á um að útreikningur á leiðréttingu einstaklings skuli miðast við mismun raunverðbóta og leiðréttra verðbóta. Við útreikning skal miðað við að lánið hafi verið í fullum skilum miðað við afborgunarskilmála lánsins og greiðsluflæði að frádregnu umframgreiðslum sem átt hafa sér stað á tímabilinu.
Of flókið og nánast ómögulegt er að taka út alla lánþega sem voru í vanskilum við sjóðinn á þessum tíma. Þá gat sami einstaklingur verið í vanskilum með eitt lán en ekki annað námlán sem beið innheimtu (þegar lánþegi skuldaði af fleiru en einu skuldabréfi). Til einföldunar er ekki tekið tillit til þessa í mati á útreikningum í skýrslunni.
9. Ekki er tekin afstaða til stöðu lántaka sem hafa greitt upp námslán sín eða skoðað sérstaklega hversu margir þeir eru sem hafa nú þegar hafa greitt upp námslán sín á þessum tíma, eitt eða fleiri.

Aðrar forsendur.

Í skýrslubeiðninni er óskað eftir mati á kostnaði fyrir ríkissjóð ef aðferð sem beitt var vegna leiðréttingar fasteignalána væri beitt á námslán. Lög um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana komu til framkvæmda 17. maí 2014. Því er í öllum útreikningum sjóðsins miðað við þau tvö ár sem eru undir í lögnum þ.e. frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2009 og áhrif verðbóta á námslán á þessu tímabili. Ekki eru gerðir frekari framvirkir útreikningar á áhrifum þess á lánasafn Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) miðað við það og til framtíðar litið.

Upphæðir sem reiknaðar eru vegna leiðréttingar verðbólgu á námslánnum á árunum 2008 og 2009 eru á verðlagi hvors árs og ekki núvirtar. Ef farið verður í einhvers konar leiðréttingu á námslánnum núna út frá forsendum bankahrunsins og áhrifum þess á verðbólgu á landinu umfram 4,8% meðalverðbólgu sem ríkti á árunum 2001-2007 geta komið upp ýmis álitamál, eins og hvað eigi að gera í þeim tilvikum sem lánin hafa þegar verið uppgreidd o.s.frv. Ekki er tekin afstaða til þessa í skýrslunni.

Almennt um námslán sem veitt voru samkvæmt lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992.

Endurgreiðsluskilmálar.

Námslán sem veitt voru samkvæmt lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992 og skýrslubeiðnin nær til eru verðtryggð og eru endurgreiðsluskilmálar þeirra eftirfarandi:

Tafla 1 *Endurgreiðsluskilmálar lána tekna á grundvelli laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992.*

	Veitt	Endurgreiðslu- tími	Gjalddagar	Verðtryggt	Vextir	Hlutfall tekna
V-lán	1976-1982	20 ár	1. júlí og 1. nóv. 1. mars og 1. sept.	X	0,0%	4,4%
S-lán	1982-1992	40 ár	1. mars og 1. sept.	X	0,0%	3,4%
R-lán	1992-2005	Óákveðið	1. mars og 1. sept.	X	0,4%	3,4%
G-lán	2005-	Óákveðið	1. mars og 1. sept.	X	0,4%	3,4%

- Vextir lækkuðu á R og G lánunum með nýjum lögum nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna niður í 0,4% en voru fyrir gildistöku þeirra 1%. Það sama gildir um hlutfall afborgunar af launum þ.e. hlutfallið var áður 3,75% en var lækkað niður í 3,4% með nýjum lögum.

Eins og fram kemur í töflu hér að ofan eru afborganir námslána í öllum eldri lánflokkum (V-, S-, R-, og G-lána) tekjutengdar þ.e. heildarupphæð afborgunar tekur mið af tekjum ársins á undan. Tekjur eru uppreiknaðar með ársbreytingu á vísitölu neysluverðs sem og endurgreiðsluhlutfalli. Föst afborgun sem greidd er 1. mars ár hvert kemur til frádráttar á upphæð tekjutengdrar afborgunar sem greidd er 1. september ár hvert.

Samkvæmt framansögðu geta lánþegar sjóðsins skuldað fleiri en eitt námslán. Frestun á endurgreiðslum lána sem veitt voru samkvæmt lögum nr. 21/1992 byggist á því að lánþegi greiðir aðeins af einu láni í einu. Greitt skal af eldri láni fyrst. Undantekning er hins vegar er í tilfalli lánþega sem tóku R-lán og voru með eldri S-, eða V- lán. Þá greiðist fyrst af R-lánunum áður en greiðsla hefst á eldri lánunum.


Endurgreiðsluskilmálar námslána sem veitt voru samkvæmt eldri lögum (lánaflokkar V, S-, R-, og G-lán) eru með þeim hætti að greitt er samkvæmt ákveðnu hlutfalli tekna ársins á undan líkt og fram kemur í töflu hér að ofan. Í því felst að greiðslubyrði lántaka breytist ekki með breytingum á verðbólgu eða hækkun höfuðstóls vegna verðlagsbreytinga. Upphæð afborgunar fylgir breytingum á launum lánþega miðað við tekjur ársins á undan til hækkunar eða lækkunar. Hækkun verðbólgu hefur hins vegar áhrif á fjölda endurgreiðsluára greiðenda þ.e. hversu langan tíma það tekur að greiða upp námslánið.

Endurgreiðsluskilmálar námslána sem lánuð voru á grundvelli eldri laga hafa það í för með sér að afborganir námslána hækka ekki þrátt fyrir hátt verðbólgu eins og áður hefur komið fram. Því hafði bankahrúnið eingöngu áhrif á heildarskuld lánþega sem hækkaði í takt við hækkun verðbólgu og hafði þar með áhrif á hversu langan tíma (fjölda endurgreiðsluára) það tekur að greiða námslánið upp. Þá falla námslán niður við andlát og því hefur hátt verðbólgu áhrif á væntarlegar afskriftir sjóðsins þar sem tekjutengingin tryggir lága greiðslubyrði lántaka og þar með hækka væntanlegar afskriftir. Aðrir þættir sem spila inn í væntar endurheimtur sjóðsins af námslánum er m.a. aldur lánþega, aldur lánþega við lántöku, upphæð láns, laun og hækkun launavísitölu og hækkun neysluvísitölu.

Lánasafnið.

Í eftirfarandi mynd¹ kemur fram hlutfall milli núvirðis og nafnvirðis eftir lánsupphæðum. Myndin sýnir vel hversu hátt hlutfall námslána umbreytist í styrk í formi affalla og hagstæðra vaxtakjara. Núvirði dregst saman í hlutfalli við hækkun á lánsupphæð einstaklings. Núvirði þeirra lána sem eru undir 2,5 millj. kr. er yfir 85% að jafnaði en hlutfallið lækkar hratt sé lánið hærra. Fyrir lán á bilinu 7,5 -10 millj. kr. er núvirðið 65%. Í þessu felst að meðaltali eru um 35% af veittum námslánnum styrkur en ef lán er hærra en 20 millj. kr. telst núvirði þess rúmlega 20% og styrkur til viðkomandi námsmanns því tæplega 80%. Afföll láns við andlát lánþega hækka þó mest með hærra láni.

Mynd 1 Hlutfall núvirðis og nafnvirðis eftir lánsupphæðum




Sama þróun sést á næstu mynd² þar sem fram koma lán og væntar afborganir námslána út frá aldri lánþega. Þannig er núvirði lána til yngstu lánþeganna ríflega 76% af nafnvirði og afföll sáralítill. Með hækkandi aldri hækka afföllin og fyrir lántakendur sem eru 50 ára og eldri er núvirði lána á bilinu 37% til 50%.

¹ Ársskýrsla LÍN 2017

² Ársskýrsla LÍN 2017

Mynd 2 Væntar afborganir námslána miðað við aldur lánþega



Þeir afborgunarskilmálar sem eru á námslánum eldri lána og tekjutenging þeirra þýðir í raun að stærsti hluti þeirra lána lánþega sem skulda samanlögð námslán sem eru hærri en 10 - 12 millj. kr. fást ekki endurgreidd að fullu og eru afskrifuð við andlát.

Ef skoðuð er samsetning lánasafnsins og skuldsetning námsmanna sést að hún er dreifð eins og sést í töflu hér að neðan. 62% námsmanna eru með lán undir 5 millj. kr. en 78% námsmanna eru með lán undir 7,5 millj. kr. og nemur heildarskuld þeirra 46% af lánasafninu. Þá eru 87% námsmanna með lán undir 10 millj. kr. og nema lán þeirra 62% af lánasafninu. 5% námsmanna eru með lán yfir 17,5 millj. kr. og skulda þeir 17% af lánasafninu en 3% námsmanna skulda 11% af lánasafninu. Meðalnámslánaskuld er um 5 millj. kr. ³ Hæsta upphæð námslánaskuldar er 57 millj. kr.

³ Ársskýrsla Menntasjóðs námsmanna 2021

Tafla 2 Fjöldi og heildarskuld greiðenda og námsmanna eftir lánsupphæðum.

Lán á bilinu	Fjöldi lánþega	Hlutfall lánþega	Fjárhæð (milljarðar.kr.)	Hlutfall lánasafns	Meðallán (kr.)
0-5 m.kr	31.576	62%	66,6	26%	2.107.946
>5-7,5 m.kr	8.152	16%	50,2	20%	6.155.285
>7,5 -10 m.kr	4.644	9%	40,1	16%	8.632.730
>10 -12,5 m.kr	2.816	6%	31,3	12%	11.112.445
>12,5 -15 m.kr	1.554	3%	21,2	8%	13.647.912
>15- 17,5 m.kr	942	2%	15,2	6%	16.084.922
>17,5 m.kr	1.275	3%	27,7	11%	21.703.974
Samtals	50.959	100%	252,2	100%	4.948.191

Undanþágur frá afborgun.

Menntasjóður námsmanna veitir greiðendum námslána, lendi þeir í tímabundnum greiðsluvandræðum, undanþágu frá afborgun. Veittar eru undanþágur vegna ýmissa ástæðna sem orsaka greiðsluferfiðleika.

Ef skoðaðar eru tölur um umsóknir um undanþágu frá afborgun fjölgaði þeim um 237% á milli ára 2007 og 2010 eftir bankahrunið eins og sést í eftirfarandi töflu⁴. Þá fjölgaði veittum undanþágum sjóðsins frá afborgun um 233% á sama tíma. Þá kemur fram að mesta fjölgun í veittum undanþágum var vegna atvinnuleysis greiðenda eða 933% og vegna lánshæfs náms greiðenda eða 178%. Svo mikil fjölgun undanþága vegna lánshæfs náms skýrist af því að í kjölfar bankahrunsins hvatti ríkisstjórn atvinnulausa til að fara aftur í nám í stað þess að þiggja atvinnuleysisbætur í áttakinu „Nám er vinnandi vegur“.

⁴ Ársskýrsla LÍN 2010

Tafla 3 Fjöldi umsókna og veittra undanþága árin 2007-2010

	Undanþágur vegna afborgana			
	Raun	Raun	Raun	Raun
	2007	2008	2009	2010
Lykiltölur				
Fjöldi undanþágubeiðna:	1.668	1.775	3.284	3.965
Lánshæft nám	1.047	1.055	1.509	1.828
Veikindi	82	93	123	152
Órorka	247	241	341	554
Atvinnuleysi	118	111	685	838
Umönnun barna	101	130	286	315
Annað	73	145	340	278
Fjöldi undanþága veittar:	1.260	1.231	2.298	2.932
Lánshæft nám	817	801	1.212	1.453
Veikindi	62	68	87	119
Órorka	227	212	323	517
Atvinnuleysi	66	42	420	616
Umönnun barna	59	53	174	183
Annað	29	55	82	44

Afsláttur vegna auka innborgunar inn á lán eða uppgreiðslu láns.


Í nýjum lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020, kom nýr lánaflokkur námslána (H-lán) sem er með öðrum endurgreiðsluskilmálum en eldri lánaflokkar. Þar var m.a. tekin upp 30% lækkun á höfuðstól ef námsmaður lýkur námi sínu á réttum tíma, styrkur til framfærslu barna, val um endurgreiðsluskilmála þ.e. verðtryggt eða óverðtryggt lán sem eru annað hvort jafngreiðslulán (þegar lánþegi er eldri en 35 ára) eða tekjutengt lán ásamt því að vextir af lánum eru breytilegir og taka mið af þeim lánakjörum sem ríkissjóði bjóðast á hverjum tíma að viðbættu vaxtaálagi sem nú er 0,8%. Þak var sett á vexti verðtryggðra lána 4%, og 9% á óverðtryggðu lánin. Vaxtaþakinu hefur verið náð fyrir bæði verðtryggð og óverðtryggð lán.

Menntasjóður námsmanna (MSNM) áður Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN) hefur í mörg ár boðið greiðendum sem greiða lán sín samkvæmt eldri lögum að fullu upp afslátt við uppgreiðslu lánsins. Afslátturinn hefur verið mismikill í gegnum árin en fram til ársins 2020 tók afsláttarprósentan mið af daglánavöxtum Seðlabanka Íslands að viðbættu 1% álagi. Á árinum 2019-2020 nam þessi afsláttur 7%.

Samhliða nýjum lögum voru vextir af þeim eldri lánaflokkum (R og G lánunum) lækkaðir úr 1% niður í 0,4%. Þá var jafnframt samþykkt að greiðendur eldri námslána sem greiða aukalega inn á námslán sín eða greiða þau upp skuli fá afslátt vegna aukainnborgana sem nemur 5% til

15%. Þannig er ekki lengur gerð krafa um að lán sé gert upp í heild sinni heldur er hægt að greiða inn á lánið og fá afslátt af hverri aukagreiðslu. Upphæð afsláttarprósentu hvers lánþega fer eftir skuld hans við sjóðinn á hverjum tíma, afslátturinn er línulegur og fer eftir samanlögðum eftirstöðvum námslánaskuldar. Hann fer hækkandi, þ.e. 5% ef skuld nemur allt að 1 millj. kr. og hækkar svo línulega upp að námslánaskuld sem nemur 4,8 millj. kr. og nemur afsláttur 15% fyrir eftirstöðvar eftir það, eins og fram kemur á eftirfarandi mynd.⁵

Afsláttarprósentu af aukainnborgun inn á námslán



Umrædd breyting á lögum þ.e. að hækka afslátt upp í 15% og að veita afslátt af öllum auka innborgunum á námslánum, er hagstæð greiðendum námslána og ívilnandi. Enginn annar lánasjóður á hinum Norðurlöndunum veitir slíka afslætti á greiðslum (aukainnborgunum eða uppgreiðslum) né heldur bjóðast þar tekjutengdar afborganir námslána sem tryggir lántakendum lága greiðslubyrði. Á hinum Norðurlöndunum sem og um hluta þeirra lána sem Menntasjóður námsmanna veitir samkvæmt nýjum lögum nr. 60/2020 gildir að endurgreiðslur eru ákvarðaðar út frá upphæð námslánaskuldar og að endurgreiðslum skal vera lokið fyrir ákveðinn tíma, annað hvort út frá aldri lánþega þegar hann hefur lántöku eða hámarks fjölda endurgreiðsluára.

Lánþegar sem skulduðu námslán á árunum 2008 til 2009 og allir þeir sem tóku lán eftir það samkvæmt eldri lögum um sjóðinn nr. 21/1992 eða allt fram til gildistöku nýrra laga á árinu 2020 njóta og hafa notið góðs af uppgreiðsluafslætti umfram lánþega nýju laganna sem og lágum vöxtum sem eru nú 0,4% og þess fyrir utan var endurgreiðsluhlutfall G- og S-lána lækkað úr 3,75% í 3,4% af tekjum og R-lána lækkað úr 4,75% í 4,4% af tekjum sem þýðir enn lægri greiðslubyrði en áður var.

⁵ Ársskýrsla MSNM 2021

Samkvæmt framansögðu má segja að þessi hópur greiðenda hafi fengið ívilnanir sem meta má til fjár og því hafi nú þegar verið komið til móts við þennan hóp lánþega sem skuldaði námslán á þeim tíma sem skýrsluhöfundar vísa til þ.e. á árinum 2008-2009 í kjölfar bankahrunsins og höfuðstóll lánanna hækkaði umfram meðalverbólgu árána á undan.

Spurningar sem óskað var svara í beiðni um skýrslu um leiðréttingu verðtryggðra námslána í kjölfar bankahrunsins eru:

1. Hversu mikil hækkun námslána varð vegna bankahrunsins 2008?

Miðað við ofangreindar forsendur og nálgun sjóðsins á hver hækkun lokaðra námslána (lána sem komin eru í innheimtu) og opinna lána varð vegna verðhækkana umfram meðalverðbólgu árána 2001-2007 (4,8%) eftir bankahrunið er niðurstaða útreikninga eftirfarandi á verðlagi hvers árs:

Árið 2008 nam hækkun höfuðstóls námslána vegna verðbóta umfram meðalverðbólgu árána 2001-2007 um 6,8 milljörðum.

Árið 2009 nam hækkun höfuðstóls námslána vegna verðbóta umfram meðalverðbólgu árána 2001-2007 um 7,7 milljörðum.

2. Hvernig hækkun námslána dreifðist á lánþega?

Meðalhækkun á hvert lán nam um 150 þús. kr. á árinu 2008 og 165 þús. kr. á árinu 2009 vegna verðbólgu umfram 4,8% á árinu.

Meðalskuld á sömu árum nam 2,7 millj. kr. og 2,9 millj. kr.

Fjöldi lántaka var 45.553 á árinu 2008 og 46.585 á árinu 2009.

3. Hvernig hefur greiðslubyrði af námslánum þróast frá efnahagshruninu 2008 og hversu mikill hluti af aukinni greiðslubyrði er vegna verðtryggðrar „stökkbreytingar“ lánanna?

Endurgreiðsluskilmálar námslána sem veitt voru samkvæmt eldri lögum (lánflokkar V, S-, R, og G-lán) eru með þeim hætti að greitt er samkvæmt ákveðnu hlutfalli tekna ársins á undan. Þetta þýðir að greiðslubyrði lántaka breytist ekki með breytingum á verðbólgu eða hækkun höfuðstóls vegna verðlagsbreytinga. Upphæð afborgunar fylgir breytingum á launum lánþega miðað við tekjur ársins á undan til hækkunar eða lækkunar. Hækkun verðbólgu hefur hins

vegar áhrif á fjölda endurgreiðsluára greiðenda þ.e. hversu langan tíma það tekur að greiða upp námslánið.

Ítrekað er að þar sem endurgreiðsluskilmálar námslána sem lánuð voru á grundvelli eldri laga þýða að afborganir námslána hækka ekki þrátt fyrir hátt verðbólguþig. Því hafði bankahrunið eingöngu áhrif á heildarskuld lánþega sem hækkaði í takt við hækkun verðbólgu og þar með áhrif á hversu langan tíma (fjölda endurgreiðsluára) það tekur að endurgreiða námslánið til baka og væntanlegar afskriftir sjóðsins.

4. Hver er kostnaður við að lækka höfðustól „stökkbreyttra“ námslána vegna efnahagshrunsins 2008 á sambærilegan hátt og verðtryggð húsnæðislán voru leiðrétt í kjölfar hrunsins.

Vísað er til svars við spurningu 1 hér að ofan.

Miðað við hámarks leiðréttingu námslána vegna bankahrunsins sem gefin var í forsendum hér að framan þ.e. 2 millj. kr. væri hámarks leiðrétting vegna verðbóta á hvern lántaka voru tveir lánþegar sem náðu því marki á árinu 2008 og tveir árinu 2009. Heildarupphæð verðlagshækkana á þessum tveimur lánnum umfram 2 millj. kr. nam 425 þús. kr. á árinu 2008 og 703 þús. kr. á árinu 2009 og kemur sú upphæð því til lækkunar á kostnaðarútreikningi í svari við spurningu 1.